

107

28. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1950“ í 1. gr. laganna komi: 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

108

28. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin nemur ekki meiru en 10 þúsund krónum.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslið 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til innstæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 7. maí 1928.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. 1. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. 1. nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfastgjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla 1. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. 1. nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 93 1950, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Egsteinn Jónsson.